

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi 1. áfanga Naustahverfis á Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 21. október 2003 í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingar á deiliskipulagi 1. áfanga Naustahverfis. Breytingarnar eru m.a. þær að ákvæði um hæð þaka á einbýlishúsum breytist, húsgerðir breytast á nokkrum stöðum, bætt er inn lóð fyrir símsstöð og kvaðir um almennar gönguleiðir innan lóða falla brott.

Bæjarstjórnin hefur jafnframt þann 21. janúar 2003 og 20. maí 2003 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt nokkrar minniháttar breytingar á sama deiliskipulagi ásamt yfirlýsingu um að hún taki að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunni að verða fyrir vegna þeirra.

Ofangreindar deiliskipulagsbreytingar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

Akureyri, 26. nóvember 2003.

F.h. Akureyrarbæjar,

Bjarni Reykjálín, skipulags- og byggingarfulltrúi.